

Mál nr. 443/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

- Málskot móttakið 19. nóvember 2024, ásamt fylgiskjölum.
- Bréf V, dags. 17. september 2024, ásamt fylgiskjölum.
- Viðbótarathugasemdir M, dags. 2. apríl 2025.
- Viðbótarathugasemdir V, dags. 2. apríl 2025.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 5. september 2024 hafi laus garðbekkur fokið á bifreið M þar sem henni var ekið eftir götu í sveitarfélaginu X. Við áfokið varð tjón á bifreið M og hefur M gert kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Af hálfu V hefur bótaskylda verið hafnað. M telur að starfsmenn bæjarins hafi ekki gáð að því að ganga frá lausum garðbekkjum fyrir mjög slæma veðurspá umræddan dag. Starfsmenn hafi vitað af því að garðbekkur þessi hafi hreyfst í viðkomandi veðri áður en atvikið gerðist. Gögn frá Veðurstofu Íslands sýni að veðurspá hafi gert ráð fyrir 15-23 metrum á sekúndu og 30-35 metum á sekúndu í kviðum. Byggir M á því að X beri ábyrgð á tjóni hans á grundvelli skaðabótalaga og byggir á sakarreglu hins íslenska skaðabótaréttar auk reglunnar um vinnuveitendaábyrgð.

V hafnar því að starfsmenn X hafi brugðist skyldum sínum varðandi garðbekki sveitarfélagsins. Það sé hefðbundið að slíkir bekkir standi úti allt árið og ekki sé sérstaklega hugað að þeim þó illviðri geysi. M hafi ekki sýnt fram á að frágangur X hafi verið óforsvaranlegur eða að það verði metið honum til gáleysis að hafa ekki byrgt eða hýst lausa bekki í ljósi veðurspárinnar.

Í viðbótarathugasemdum sínum bendir M á að það sé staðreynd að X tók þessa bekki inn á hverju hausti og framkvæmdi það einmitt áður en veður urðu válynd. Við mat á gáleysi verði að horfa til þess veðursvæðis sem um ræðir í viðkomandi tilfelli.

Í viðbótarathugasemdum sínum ítrekar V fyrri afstöðu sína og segir veðurspá ekki hafa gert ráð fyrir svo miklum vindi sem raunin varð.

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýst um það hvort tjón á bifreið M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu en það hvílir á M að sýna fram á svo hafi verið. Ekki liggur fyrir hversu þungur umræddur bekkur er né hefur M lagt fram gögn til stuðnings því sem hann heldur fram í málskoti um að garðbekkur þessi hafi hreyfst vegna veðurs fyrir tjónið og starfsmenn X haft vitneskju um það. Þá liggur ekki fyrir staðfesting um að slíkir garðbekkir séu almennt teknir inn á hverju hausti. Gegn neitun X verður að telja það ósannað. Leggur M ekki fram vitnaframburði eða önnur gögn sem styðja að tjón hans verði rakið til saknæms athafnaleysis af hálfu starfsmanna X. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X vegna tjóns á bifreið M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 6. maí 2025.

rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir